# ÁRBORG - BREYTING DEILISKIPULAGS MILLI TÚNGÖTU, NESBRÚAR OG BAKARÍSTÍGS Á EYRARBAKKA

Sveitarfélagið ÁRBORG




Deiliskipulag frá 1989, uppdráttur fyrir breytingu, mkv. 1:1000




Deiliskipulagsuppdráttur eftir breytingu, mkv. 1:1000



Aðalskipulag Árborgar 2005-2025 - úrdráttur úr þéttbýlisuppdrætti fyrir Eyrarbakka, ekki í mkv.

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulags- og byggingarnefnd Sveitarfél. Árborgar þann 14. september 2006

Deiliskipulag þetta var auglýst frá 19. október 2004 til 3. desember 2004.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð samkv. gr. 25 í lögum nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þann 11. október 2006.

bæjarstjóri Árborgar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann____ 2006.




Skýringauppdráttur, til leiðbeiningar, mkv. 1:2000

## GREINARGERÐ:

Inngangur

Skipulag á þeim reit sem hér um ræðir byggir á stefnumörkun aðalskipulags Eyrarbakka 1997-2017 þar sem svæðið naut svæðisverndar sökum aldurs og sögu. Ef vitnað er til aðalskipulagsins var fjallað um gildi hins sérstaka byggðamynsturs á staðnum, þ.e. þyrpingar gamalla húsa sem mynda samstæða heild. Þar var sett fram svæðisbundin vernd (sem í nýju aðalskipulagi Árborgar er skilgreind sem hverfisvernd) er tók til elsta hluta þorpsins, götumynda og húsaraða. Í kaflanum um húsvernd- svæðisvernd sagði m.a.: ,,*Eyrarbakki er þétt þorp þar sem samstæður húsa, götumyndir og húsaraðir mynda afmörkuð rými er gera breytilegar rýmisupplifanir. Hlöðnu veggirnir og sjóvarnargarðurinn taka þátt í að afmarka rýmin milli húsanna og veita skjól.*"

Í greinargerð með aðalskipulagi Árborgar 2005-2025 segir. ,,Á Eyrarbakka var gerð húsakönnun árið 1989 sem sýnir fjölda merkra húsa í þorpinu. Byggingar þorpsins, sérstaklega meðfram aðalgötunni, mynda samstæða götumynd og heild sem vert er að halda í og styrkja. Smágert byggðamynstur gefur timburhúsabyggðinni sérstök einkenni sem endurspegla menningarsögu og sögulegt samhengi. Mikilvægt er, ekki aðeins fyrir sveitarfélagið heldur einnig landið allt, að glata ekki þessum einkennum heldur styrkja þau og vernda og nota til jákvæðrar uppbyggingar og þéttingar. Í gildandi aðalskipulagi er svæðisvernd á elsta hluta þorpsins svo og Steinskoti, og er svæðisverndinni breytt í hverfisvernd í aðalskipulagstillögu".

Hugmyndin með breyttu deiliskipulagi er ekki að leita að hefðbundnum nútíma húsagerðum eins og áður var gert heldur er hér um að ræða skipulag þar sem óskað er eftir að reist verði nútíma hús í anda hinna gömlu og þannig stutt við þá staðreynd að Eyrarbakki á sér sérstöðu meðal íslenskra sjávarplássa.

Í samræmi við gildandi aðalskipulag Eyrarbakka er lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð á svæði milli Búðarstígs, Nesbrúar, Túngötu og Bakarstígs á Eyrarbakka. Tillagan kemur í stað eldra deiliskipulags fyrir sama svæði sem samþykkt var áður en aðalskipulagið tók gildi. Gamla deiliskipulagið frá 1989 fellur úr gildi við samykkt þessa nýja deiliskipulags.

**Markmið:**

Með skipulagi þessu er komið til móts við ákveðna eftirspurn í uppbyggingu Eyrarbakka og mörkuð ný spor í anda þess sem aðalskipulagið boðar um vernd, umhverfi, sögu og byggingarlist. Stefnt er að því að styrkja sérkenni bæjarins með því að taka upp stíleinkenni sem víða má finna í húsagerð innan elsta kjarna Eyrarbakka. Vonast er til að sérstaða Eyrarbakka í húsagerðarlist megi halda áfram með deiliskipulagi þessu.

**Leiðir að markmiðum**

Húsin og rýmin á milli húsa á Eyrarbakka eru náskyld og geta stundum verið svo háð hvort öðru að segja má að þau ættu að vera órjúfanleg. Það smágerða í húsum og umhverfi þeirra, sem oft er gert af mikilli vandvirkni og natni, má skynja í öllu umhverfinu. Húsin standa oft ekki sem einstaklingar heldur sem hópur, einskonar þyrping þar sem rýmin og það sem í þeim býr, tengja húsin náið saman. Ef eitt hús hverfur eru hin ekki söm á eftir. Á hinn bóginn getur nýtt hús bæst í hópinn en þá þarf að hyggja að heildinni sem til verður. Með skipulagi þessu er reynt að koma til móts við þennan veruleika húsanna.

Í deilskipulaginu er lögð áhersla á að með fjölbreytni í húsagerð megi viðhalda einkennum Eyrarbakka. Myndaðir eru sveigðir stígar með þó nokkuð samfelldri götumynd þar sem húsin eru látin raða sér í óreglulegt mynstur. Lega gatna, stíga og útisvæða er ákveðin þannig að samræmi verði í varðveislu þeirrar byggðar sem fyrir er og uppbygging nýrrar íbúðarhúsabyggðar er samtengd núverandi þorpskjarna. Í ljósi þessara orða var reynt að skapa umhverfi sem drægi keim af því eldra og var m.a leitað til Guðmundar Jónssonar arkitekts um tillögur að húsagerðum sem gætu orðið mótandi fyrir hið nýja hverfi. Til að ná settu markmiði reyndist jafnframt nauðsynlegt að skilgreina meginlínur varðandi efnisval, form og stærðir nýbygginga og nýrra eða aðfluttra húsa sem bygginganefnd þarf að styðjast við er hún fjallar um teikningar og byggingarleyfi.

KORTAGRUNNUR OG KORTAGERÐ:
VERKFRÆÐISTOFA SUÐURLANDS

**Núverandi deiliskipulag**

Deiliskipulag fyrir svæði 1 á Eyrarbakka var samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps 13. maí 1989 og staðfest af skipulagsstjóra 16. ágúst sama ár. Reiturinn er afmarkaður af Nesbrú, Túngötu, Bakarístíg og Búðarstíg. Innan reitsins eru nokkur eldri hús; Steinsbæirnir, Einarshöfn 1, 2, 3 og 4, Dísubær, Norðurbær og Laufás. Gert var ráð fyrir 12 nýjum lóðum sem hver um sig voru um 1000 m2. Í samræmi við skipulagið hefur verið byggt á lóð 20 við Búðarstíg og lóð 4 við Nesbrú. Á norður og austurhluta skipulagsreitsins eru skúrbyggingar sem hafa í sjálfu sér lítið verndargildi. Auk þeirra eru innan reitsins hlaðnir grjótgarðar og kartöflugarðar sem eru í misgóðu ásigkomulagi en annars er svæðið grasivaxnir móar.

**Nýtt deiliskipulag**

Helstu breytingar frá eldra skipulagi er að lóðum er fjölgað og þær hafðar minni, mænistefna er gefin frjáls og verður því væntanlega ekki eins regluleg og gert var ráð fyrir í eldra skipulagi. Aðkoma er með svipuðu fyrirkomulagi, þ.e. ein tenging að Nesbrú í vestri og þrjár að Túngötu í norðri. Gerðar eru tillögur um að bæta aðkomu og vegtengingar að núverandi lóðum. Rík áhersla er lögð á varðveislu hlaðinna veggja og lóðarmörk látin taka mið af legu þeirra eins og kostur er. Til að viðhalda hinu sérstaka byggðamynstri svæðisins er lagt til að húsagerðir verði tilltölulega frjálsar en ákvæði sett um byggingarefni.

**Stærð skipulagsreits.**

Reiturinn tekur til sama svæðis og eldra skipulag, svæðis sem er um 2.9 ha að stærð.

**Byggingar**

Hús sem byggð verða eða flutt til þessa reits, skulu falla að þeim arkitektúr sem fyrir er í miðkjarna Eyrarbakka. Húsin skulu hafa svipmót ,,aldamótahúsa" og bera eigendum sýnum vitni um að þeir hafi tekið fullt tillit til þess byggðaranda sem ríkir innan miðkjarna húsa á Eyrarbakka. Skipulags- og byggingarnefnd í Sveitarfélaginu Árborg metur hvort hús standist þær útlitskröfur sem gerðar eru.

**Götur og umferð**

Í samræmi við aðalskipulag er gert ráð fyrir að Bakarístíg verði lokað fyrir bílaumferð við Pálsbæ til að forðast gegnumakstur. Gert er ráð fyrir húsagötu milli Túngötu og Nesbrúar með gegnumakstri og umferð í báðar áttir, útfrá götunni er heimtröð að fjórum lóðum í norðvestur horni reitsins. Göngustígur er frá heimtröðinni að horni Nesbrúar og Túngötu.

Frá Túngötu er gert ráð fyrir heimtröð að húsum nr 65-81 (þ.m.t. Norðurbæ, Dísubæ og Einarshöfn II, III og IV) og göngustíg þaðan að Einarshöfn og áfram. Jafnframt er gert ráð fyrir heimtröð frá Túngötu að lóðum nr. 83-89. Aðkoma að Laufási verður frá Bakarístíg, frá Túngötu. Gert er ráð fyrir að aðkoma að Hofi verði frá Bakarístíg, frá Búðarstíg. Aðkoma að Nýhöfn og Einarshöfn verður frá Búðarstíg og er kvöð um að Nýhöfn hafi aðgang að Búðarstíg um óbyggt svæði skv. aðalskipulagi. Lóðir nr. 18A, 18B og Steinsbær II (S2) og lóð nr. 20 hafa aðkomu frá Búðarstíg. Lóðir nr. 2 og 4 við Nesbrú, Steinsbær I (S1) og Höfn hafa aðkomu frá Nesbrú.

Gera skal ráð fyrir að götur og stígar liggi vel í landi og hæðarlega þeirra taki mið af núverandi byggð og hlöðnum veggjum sem eru á svæðinu. Húsagötur eru 5m breiðar og er heimilt að aka um þær í báðar áttir.

**Bifreiðastæði**

Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum innan hverrar lóðar. Mælst er til að bifreiðastæðum verði komið fyrir innan byggingarreits eins og aðstæður leyfa. Bílskúrar og bílskýli eru heimil innan byggingareits eins og aðstæður duga. Bílastæði meðfram götukanti eru ekki leyfð.

**Frágangur lóða**

Lóðarhafa ber að gæta að frágangi sinnar lóðar og fylgja markmiðum skipulagstillögunnar um heildaryfirbragð og þorpseinkenni Eyarbakka. Á byggingarnefndarteikningum skal gera grein fyrir staðsetningu, hæð skjólveggja og efnisvali. Lóðarhafi sér sjálfur um allar framkvæmdir á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar, hæðartölur og kvaðir sem skipulaginu fylgja.

Aðliggjandi lóðir skulu hafa samráð um frágang á sameiginlegum lóðarmörkum.

Tilfallandi jarðveg sem losnar vegna byggingaframkvæmda er lóðarhafa heimilt að nota til landslagsmótunar enda hafi fyllingar ekki áhrif á landhæð utan byggingarreits.

Jarðvegsfyllingar eru háðar samþykki byggingaryfirvalda. Lóðir sem afmarkast af núverandi veggjum þurfa að taka tillit til staðsetningu og legu slíkra veggja, allar breytingar eru háðar samþykki byggingaryfirvalda. Lóðarhöfum er heimilt að gróðursetja, þó skal ekki gróðursetja hávaxin tré eða runna nær lóðarmörkum en 3 metra. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

**Göngustígar**

Áhersla er lögð á góðar og fjölbreyttar göngutengingar innan reitsins og milli Túngötu og Bakarístígs. Gert er ráð fyrir göngustígum að leikvöllum og opnum svæðum. Göngustígar skulu vera malarbornir eða malbikaðir minnst 1,2 m breiðir með grasjaðri til beggja handa. Uppbygging og viðhald göngustíga og opinna svæða verður í umsjá Árborgar.

**Opin svæði- útivist**

Gert er ráð fyrir nokkrum litlum opnum svæðum og leikvelli innan deiliskipulagsreitsins og tengjast þau innbyrðis með göngustígum eða heimtröðum. Ekki verða gróðursett tré eða runnar á opnum svæðum en gert ráð fyrir að grassvæði og hlaðnir veggir einkenni leiksvæðið og gefi því sterka heildarmynd. Opin svæði við stíga og götur gegna einnig því hlutverki að taka við snjó vegna hreinsunar yfir vetrartímann.

Á leikvelli við Bakarístíg er möguleiki á að hluti svæðisins verði notaður, með samþykki bygginganefndar, sem matjurtagarðar fyrir þá íbúa sem það kjósa.

Gert er ráð fyrir leiksvæði miðsvæðis og verður þar komið fyrir leiktækjum, borðum og bekkjum. Lögð verður áhersla á að gæta allra sérkenna á svæðinu s.s grjótveggja, gamalla húsatófta og núverandi gróðursvæða. Á opnum svæðum verður stefnt að endurgerð og viðhaldi á núverandi grjóthleðslum og þær notaðar til afmörkunar. Við frágang útisvæða og húsagatna skal vanda val allra götugagna s.s útilýsingar, götumerkinga, borða og bekkja og undirstrika þorpseinkenni Eyrarbakka.

## Skipulagsskilmálar

Gert er ráð fyrir að nýjar lóðir verði 20 og er stærð þeirra frá 320 m2 í um 830 m2. Innan deiliskipulagsreitsins eru 16 lóðir byggðar.

**Byggingarreitir**

Byggingarreitir eru sýndir á uppdrætti og skulu hús standa innan þeirra. Byggingarreitur er sýndur með stiplaðri blárri línu. Heimilt er að láta minniháttar byggingarhluta standa út fyrir byggingarreit s.s þakskegg, gluggafrágang, svalir eða skyggni að hámarki 1m.

**Nýtingarhlutfall**

Nýtingarhlutfall skal ekki vera undir 0,25 og ekki fara yfir 0,4. Skipulagsskilmálar hafa það að markmiði að samræma hlutföll mannvirkja og tryggja heildarsvip íbúðabyggðar. Til að viðhalda hinu sérstaka byggðamynstri svæðisins er lagt til að húsagerðir verði tilltölulega frjálsar en ákvæði sett um form og byggingarefni.

**Húsagerðir**

Til að viðhalda hinu sérstaka byggðamynstri svæðisins er lagt til að húsagerðir verði tilltölulega frjálsar en ákvæði sett um byggingarefni.

Mögulegum húsgerðum er skipt í tvo aðal flokka A og B.

A- eru gömul aðflutt einbýlishús.

B- eru endurgerð eldri húsa og ný einbýlishús í gömlum anda.

Þessum húsagerðum er gert að fylgja ákveðnum skilgreiningum um form og byggingarefni.



A og B snið - 1



A og B snið - 2



A og B snið - 3

**A. Einbýlishús- aðflutt hús.**

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að flytja að eldri hús og staðsetja innan byggingarreits. Aðflutt hús skulu falla að núverandi byggð í stíl og aldri (1870-1950) og taka skal mið af stærðarhlutföllum og efnisnotkun núverandi bygginga. Meginform húsa er skilgreint með kennisniði A.

Stærð húsa að hámarki 200 m2 auk skúrbygginga allt að 25-40m2
Hús geta verið 2 hæða með lágu risi eða einnar hæðar með risi. Þó aldrei hærri en 7m, skulu vera byggð á steyptan grunn- GK allt að 1.30 yfir landhæð.

Byggingarefni: Timbur klæðning eða báruð málmklæðning.
Þak: bárujárnsklæðning, listað pappaþak, zink-eða kopar, timbur.

Þakhalli: 10°- 70°, hús með brotnu þaki- (Mansard) með bogaþaki (Samúelsþökin).

**B. Ný einbýlishús og endurgerð eldri húsa.**

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa íbúðarhús innan byggingarreits sem falla að skilgreiningum um byggingarefni. Við hönnun húsa þarf að taka mið af heildarmynd svæðisins. Gæta þarf að stærðarhlutföllum og mælikvarða nálægra bygginga, fyrirkomulagi glugga og hurða og deililausna.

Stærð húsa að hámarki 200 m2 auk skúrbygginga allt að 25-40m2
Hús geta verið 2 hæða með lágu risi, eða einnar hæðar með risi þó ekki hærri er 7m. Þau geta verði byggð á hlaðinn eða steyptan grunn, með GK allt að 1.3 m. yfir landhæð.

Byggingarefni: steinsteypa, timbur klæðning, báruð málmklæðning, hleðslu veggir s.s hraunhleðslur eða aðrar steinhleðslur.
Þak: bárujárnsklæðning, listað pappaþak, - zink-eða kopar, timbur

Þakhalli: 10°- 70° hús með brotnu þaki- (Mansard) með bogaþaki (Samúelsþökin)

**Núverandi byggð**

Um núverandi byggð þar sem ekki annað er sýnt þá gildir núverandi ástand og notkun húsa. Lóðarmörk hafa verið sett inn samkvæmt eldra deiliskipulagi og að stórum hluta er búið að fara yfir lóðarsamninga. Skoða þarf lóðarsamninga við Nesbrú 4 og Steinsbæ 1 og 2 vegna bílastæða og göngutenginga sem sýnd er á milli lóða. Lóðarmörkum er örlítið breytt við Norðurbæ, Dísubæ, Einarshöfn II, III og IV og til að koma að götutengingum og bílastæðum þarf að yfirfara lóðarsamninga þar jafnframt. Ráðlagt er að yfirfara alla lóðarsamninga innan reitsins.

**Varðveisla húsa**

Innan deiliskipulagsreitsins er að finna athyglisverðar húsaraðir s.s Einarshafnarhúsin, Steinsbæina, Höfn og heildarmynd sem samanstendur af Norðurbæ, Dísubæ og Laufás. Varðveislugildi núverandi húsa er ótvírætt og er gert ráð fyrir að útlit og götumyndir þessara húsa haldist óbreytt. Heimilt verður að byggja við þessi hús eða þá að reisa skúra/skýli á lóð.

**Fornminjavarsla**

Skv. umsögn Fornleifaverndar ríkisins, bréf dags. 8. mars 2008 kunna að leynast fornleifar á þessu forna landsvæði Skúmstaða. Verði talin ástæða til að byggja þar sem grjótgarð eða tóft Járnsmiðju er að finna skal grafinn könnunarskurður til að ganga úr skugga um aldur þessara minja. Ef hreyfa þarf við Íshúsi skal skoða hvort eldri mannvistarlög geti leynst undir grunni hússins.

**Viðbyggingar**

Skipulagið gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja við núverandi hús innan deiliskipulagsreitsins, enda yfirstígi byggingarmagn ekki ákvæði um hámarksnýtingu. Vanda skal til hönnunar viðbygginga og skulu breytingar endurspegla núverandi hús. Viðbyggingar skulu vera í samræmi við stíl og aldur og taka mið af stærðarhlutföllum og efnisnotkun núverandi bygginga.

**Hús / skúrar sem ráðgert er að fjarlægja.**

Skipulagið gerir ráð fyrir því að fjaræga þurfi skúrbyggingar og kofa á nokkrum lóðum til að rýma fyrir öðrum nýjum byggingum. Skipulagið kallar ekki á niðurrifsskyldu heldur aðeins ef samkomulag næst á milli sveitarfélags og eigenda. Áður en hús/skúr er fjarlægt skal líta til ákvæða sem getið er um í fornminjavörslu.

## Skýringar:

- Mörk deiliskipulags
- Núv. hús
- Núv. skúrar - víkjandi
- Ný lóðarmörk
- Núv. lóðarmörk sem falla úr gildi
- Byggingarreitur, hámark
- F=720m2 — Flatarmál lóðar í fermetrum
- Bifreiðastæði á lóð/fjöldi stæða
- (38) — Ný hús og húsnr.
- Göngustígur / gönguleið
- (L) — Leiksvæði skv. núgildandi aðalskipulagi
- Hlaðnir garðar með kvöð um varðveislu
- Núv. hlaðinn garður

**Málsmeðhöndlun skipulagsyfirvalda:**

Við hverja byggingarleyfisumsókn er mikilvægt að þess sé gætt að ákvæðum deiliskipulags þessa sé framfylgt og að hús endurspegli þann tíðaranda sem fyrir er innan gamla hluta Eyrarbakka. Leiki vafi á slíku ber að líta til þeirra forsendna sem koma fram í forsendum Greinargerðar með deiliskipulagi, dags. júlí 2006.

Með nýju deiliskipulagi norðan og vestan við Einarshafnahús er komið til móts við þá sem byggja vilja íbúðarhús í fögru umhverfi Eyrarbakka. Stefnt hefur verið að því að skilgreina bæjarrými sem bæði íbúar Eyrarbakka og aðrir íbúar Árborgar geti litið á sem styrk við núverandi byggð og hagkvæman kost til búsetu.

Í skilmálum vegna deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að ríkuleg fjölbreytni verði til staðar. Sveigjanleiki í skipulaginu er til að reisa ný íbúðarhús og hús í eldri byggingarstíl. Fullt tillit er tekið til sögu og byggingarstíls Eyrarbakka. Með tillögum Guðmundar Jónssonar arkitekts eru sýnd nokkur dæmi þar sem leitað er fanga í stíleinkennum núverandi byggðar og komið með nýjar hugmyndir í húsagerðalist. Með aðflutningi eldri íbúðarhúsa og með byggingu húsa í hefðbundnum stíl ætti að geta orðið til afar fjölbreytt og spennandi umhverfi. Byggt er þétt og afmörkuð lítil rými þar sem skilgreind eru opin svæði og stígar. Deiliskipulagsreiturinn ætti þannig að geta orðið eðlileg stækkun við núverandi byggð Eyrarbakka.

Breyting 4. desember 2006
Breytingar skv. bréfi Skipulagsstofnunar dags. 16. nóv. 2006, getið um gildi greinargerðar og fornleifaskráning lagfærð.

Breyting 29. júlí 2006
1. Kafli 3.2 í greinargerð, Húsagerðir, umfjöllun um ný einbýlishús Guðmundar Jónssonar. Frekari breytingar samkvæmt samþykkt skipulags og byggingarnefndar í Árborg frá 79. fundi nefndarinnar dags. 12. 07. 2005 þar sem segir ,,*Í framhaldi af þeim athugasemdum sem Húsafriðunarnefnd Ríkisins* (bréf dags 4. apríl 2005) *hefur gert við deiliskipulagstillögu Einarhafnarshverfis Eyrarbakka leggur skipulags- og bygginganefnd til eftirfarandi breytingu á tillögunni: Að húsagerð C- einbýlishús eftir kennisniðum Guðmundar Jónssonar arkitekts verði felld út úr tillögunni (sjá grein 3.2 í skipulagsmálum bls. 13 og 15). Einnig leggur nefndin til að kosin verði 3ja manna ráðgjafanefnd sem mun hafa það hlutverk að vera skipulags- og byggingarnefnd til ráðgjafar við framkvæmd deiliskipulagsins. Ráðgjafanefndin yrði kosin af bæjarstjórn*".
Greinargerð dags. júlí 2006 (A4 rit) með deiliskipulagi þessu er fyllri hvað varðar umfjöllun um einstaka liði og hefur verið gætt samræmis við breytingar í greinargerð og á uppdrætti þessum.

2. Túngata, húsagata á milli lóða nr. 65 og 81, gata aðlöguð gildandi lóðarsamningum skv. ósk skipul.fltr. Nýjum lóðarnúmerum breytt.

Breyting 30. ágúst 2005
Breytingar samkvæmt athugasemdum skipulags- og byggingarnefndar Árborgar frá 79 fundi 12. júlí 2005. Texti og umfjöllun um GJ.

Breyting 11. apríl 2005
Nokkrir byggingarreitir minnkaðir í samræmi við athugasemdir Húsafriðunarnefndar ríkisins, bréf dags 4. apríl 2005. Hlöðnum veggjum við Hof og Nýhöfn, íshús fært inn í samræmi við umsögn Fornleifaverndar dags. 8. mars 2005.

**Greinargerð sú sem stendur á þessum uppdrætti er úrdráttur úr gildandi greinargerð sem sett er fram í A4 hefti dags. júlí 2006 og er 18 bls. að lengd.**

SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG
Breyting deiliskipulags á Eyrarbakka, Svæði 1

| | |
|---|---|
| Mælikvarði 1:1000/2000 í A1 | Teikning nr: 001 |
| Dags. teikn: 24. ágúst 2004 | Hannað af: oh/sg/fbe |
| Teikn. breytt: 4. des. 2006 | Teiknað af: sg/fbe/oh/bdi |
| Verknúmer: 201-039 | Yfirl. / Undirskr.: |

LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is